# Þriðjudagur 11. júlí

DV

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Freddi og félagar (19).** Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.15 **Ævintýri Nikka** (Adventures of Niko) (2). Breskur myndaflokkur fyrir börn í sex þáttum. Munaðarlaus, grískur piltur býr hjá fátækum ættingjum sínum og neytir ýmissa bragða til þess að komast að heiman. Þýðandi og sögumaður Guðni Kolbeinsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Blátt blóð** (Blue Blood). Spennumyndaflokkur gerður í samvinnu bandarískra og evrópskra sjónvarpsstöðva. Aðalhlutverk Albert Fortell, Ursula Karven og Capucine. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
21.25 **Byltingin í Frakklandi.** (The French Revolution). – 2. þáttur – Breskur heimildamyndaflokkur í fjórum þáttum um frönsku stjórnarbyltinguna og áhrif hennar. Þessi þáttaröð er gerð í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá upphafi byltingarinnar. Þýðandi Jón O. Edwald.
22.15 **Steinsteypuviðgerðir og varnir.** Ryðskemmdir á steinsteypu og viðgerðir á þeim. Fyrsti þáttur af sjö um steypuskemmdir, unninn af Byggingaþjónustunni. Umsjón Sigurður H. Richter.
22.20 **Steypuskemmdir og húsaviðgerðir.** Umræðuþáttur í umsjón Kristínar Þorsteinsdóttur.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

6.45 **Santa Barbara.**
7.30 **Bylmingur.** Rokk í þyngri kantinum.
8.00 **Elsku Hobo.** Framhaldsmynd fyrir unga sem aldna um stóra fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
18.25 **Íslandsmótið í knattspyrnu.**
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt fréttatengdu efni.
20.00 **Alf á Melmac.** Bráðfyndin teiknimynd með geimálfinum Alf og fjölskyldu hans heima á Melmac.
20.30 **Stöðin á staðnum.** Úrvalslið frá Stöð 2 er á hringferð um landið og í kvöld er viðkomustaðurinn Reyðarfjörður.
20.45 **Visa-sport.** Skemmtilega léttur og blandaður þáttur með svipmyndum víðs vegar að. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.40 **Óvænt endalok.** Tales of the Unexpected. Spennuþættir með mjög svo óvæntum endalokum.
22.10 **Frostrósir.** An Early Frost. Þessi mynd sýnir, á afdrifaríkan hátt, viðbrögð venjulegrar fjölskyldu þegar sonurinn segist vera hommi og sennilega með hinn ógnvekjandi sjúkdóm, alnæmi. Handrit myndarinnar hlaut Emmy-verðlaun en það er byggt á samnefndri skáldsögu eftir Sherman Yellen. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Aidan Quinn, Ben Gazzara og Silvia Sidney.
23.45 **Í hefndarhug.** Positive I.D. Eiginkona og tveggja barna móðir verður fyrir skelfilegri líkamsárás. Þetta atvik greypist djúpt í hugskot konunnar og þegar fram líða stundir verður hún heltekin hefndarhug. Aðalhlutverk: Stephanie Rascoe, John Davies, Steve Fromholz og Laura Lane.
1.15 **Dagskrárlok.**



## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Edward Frederiksen.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Fúfú og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les. (5.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Að skapa landslag. Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína. (18.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jónatan Ólafsson hljóðfæraleikara sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Með mannabein í maganum....** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)



16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin – Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hér er nú bara ískalt. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Mozart, Weber og Strauss.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Fúfú og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les. (5.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Söngur og píanó.** – Stemninger eftir Edvard Grieg. Eva Knardahl leikur á píanó. – Hallarsöngvar eftir Seppo Nummi. Margareta Haverinen syngur, Ralf Gothóni leikur á píanó.
21.00 **Gengið um Suðurnes.** Umsjón: Steinunn Harðardóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
21.30 **Útvarpssagan:** Þættir úr ævisögu Knuts Hamsun eftir Thorkild Hansen. Kjartan Ragnars þýddi. Sveinn Skorri Höskuldsson les. (2.)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar** – Vítateigur eftir Sheilu Hodgson. Þýðing: Gunnar Þorsteinsson. Leikstjóri: Andrés Sigurvinsson. Leikendur: Valdimar Örn Flygenring, Ólafur Guðmundsson, Erla B. Skúladóttir, Harald G. Haraldsson og Sigurður Karlsson.
23.00 **Ferð yfir þögul vötn.** Njörður P. Njarðvík les úr þýðingum sínum á ljóðum sænsk-finnska skáldsins Bo Carpelan.
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir tónverk Atla Heimis Sveinssonar.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30 Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
3.00 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
3.20 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.



## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Ferill og „FAN“. Tónlistarþáttur** E.
12.30 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
15.30 **Búseti. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Tilraun.** Sara, Kata og Sara leika af fingrum fram á grammófón.
18.30 **Mormónar**
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
21.00 **Goðsögnin um G.G.Gunn.** Tónlist, leikþættir, sögur o.fl. á vegum Gísla Þórs Gunnarssonar.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Veröld Frank Bough's.** Fræðsluþáttur.
19.30 **Triangle Factory Fire.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Gemini Man.** Spennumyndaflokkur.

## SKY MOVIES

15.00 **Young and Free.**
17.00 **Prisoners of the Lost Universe.**
19.00 **The Great Santini.**
21.00 **The Fury.**
23.00 **Coffy.**
00.30 **Squirm.**

## EUROSPORT

9.30 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.30 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðvurði liðinnar viku.
12.30 **Frjálsar íþróttir.** Alþjóðamót í Nice.
14.00 **Box.** Ali gegn Frazier.
15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðvurði liðinnar viku.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Hestaíþróttir.**
20.00 **Golf.** Monte Carlo Open.
21.00 **Kappakstur.** Grand Prix í Frakklandi.
22.00 **Vatnaskíði.** Evrópumót.
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **Tracking. Tónlist og viðtöl.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Íþróttir.**
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Körfubolti. Úrslitakeppni í NBA.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

## Stöð 2 kl. 23.45:

# Í hefndarhug

Eiginkona og tveggja barna móðir verður fyrir skelfilegri líkamsárás. Henni gengur erfiðlega að koma lífi sínu aftur í samt lag. Hún ákveður að taka upp nýtt nafn og lifa á laun fjarri fjölskyldu sinni. En atvikið greypist djúpt í huga konunnar og þegar fram líða stundir verður hún heltekin hefndarhug.

Mynd þessi er gerð af litlum efnum í Texas. Hún þykir vel gerð, en handritið er eitthvað brösótt og gengur ekki almennilega upp fyrr en alveg í lokin. Hún gefur mörg fögur fyrirheit sem ekki tekst svo að standa við.

Aðalhlutverkin eru í höndum óþekktra leikara, Stephanie Rascoe, John Davies, Steve Fromholz og Lauru Lane. Leikstjóri er maður að nafni Andy Anderson. Maltin gefur henni tvær stjörnur.



**Glæsileg tilþrif við flutning útvarpsleikrits vikunnar. Sigurður Karlsson þjarmar að Valdimari Erni Flygenring á meðan Harald G. Haralds fylgist grannt með.**

## Rás 1 kl. 22.30:

## Leikrit vikunnar:

# Vítateigur

Leikrit vikunnar að þessu sinni heitir Vítateigur og er eftir bresku skáldkonuna Sheilu Hodgson.

Verkið gerist eftir úrslitaleikinn í Evrópukeppni meistaraliða 29. maí 1985 á Heysel leikvanginum í Bruxelles þar sem Liverpool og ítalska liðið Juventus áttust við. Þar segir frá Englendingnum George Kingsley og ungum frænda hans, Jamie. George er á æðislegum flótta undan lögreglunni eftir óeirðirnar sem urðu á leiknum en í þeim átökum létust tugir áhorfenda. George og Jamie reyna að finna leið til að komast óséðir úr landi.

Leikendur í Vítateigi eru Valdimar Örn Flygenring, Ólafur Guðmundsson, Erla B. Skúladóttir, Harald G. Haralds og Sigurður Karlsson. Þýðandi verksins er Gunnar Þorsteinsson og leikstjóri Andrés Sigurvinsson.

Tæknimenn eru Georg Magnússon og Friðrik Stefánsson.



**Gena Rowlands leikur eitt aðalhlutverkið í Frostrósum á Stöð 2 í kvöld, mynd sem fjallar um eyðni.**

## Stöð 2 kl. 22.10:

# Frostrósir

Frostrósir, eða An Early Frost, eins og hún heitir á ensku, er átakanleg mynd um venjulega bandaríska fjölskyldu og viðbrögð hennar þegar upp kemst að sonurinn er að deyja úr eyðni.

Þegar ungur og velmegandi lögfræðingur kemur heim til Nýja Englands til að samfagna foreldrum sínum á 30 ára brúðkaupsafmæli þeirra, lítur hann ansi þreytulega út. Stuttu eftir að lögfræðingurinn kemur aftur til síns heima í Chicago, þar sem hann býr með öðrum karlmanni, er eyðniveiran greind í blóði hans.

Ungi maðurinn fer aftur til foreldra sinna og segir þeim hvers kyns sé. Fjölskyldan tekur þessum tíðindum misjafnlega en faðirinn þó sýnu verst. Hann afneitar syni sínum.

Handrit myndarinnar fékk Emmy verðlaunin á sínum tíma og myndin ku vera vel fyrir ofan meðallag. Leikarar eru Gena Rowlands, Ben Gazzara og Aidan Quinn og standa þau sig öll með miklum sóma.